

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 169/2013**

2014/EES/13/17

frá 8. október 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum <sup>(1)</sup>.
- 2) II. og XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0032**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 312, 10.11.2012, bls. 1).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0032**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 312, 10.11.2012, bls. 1).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/32/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Dórir Ibsen***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 312, 10.11.2012, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.